

# Reglur Ríkisútvarpsins um kynningu framboða í tengslum við Alþingiskosningar 2016

- Reglur þessar eru gerðar á grundvelli 7. tl. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 23/2013.

## 1. gr. Jafnt tækifæri til að kynna stefnumál

Ríkisútvarpið skal veita öllum gildum framboðum til alþingiskosninga jafnt tækifæri til að kynna stefnumál sín á hefðbundnum dagskráartíma í sjónvarpi, sbr. 7. tl. 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, nr. 23/2013.

## 2. gr. Frambjóðandakynning

Ríkisútvarpið mun úthluta hverju framboði allt að fjögurra mínútna útsendingartíma án endurgjalds fyrir kynningarefni sem sýnt verður að loknum 22-fréttum í sjónvarpi eftir að framboðsfrestur rennur út. Það ræðst með hlutkesti í hvaða röð kynningarefni frambjóðenda verður sýnt.

Kynningarefni hvers framboðs skv. þessari grein verður sérstaklega aðgreint í dagskrá Ríkisútvarpsins sem kynningarefni viðkomandi framboðs.

Kynningarefnið skal innihalda kynningu á framboði og stefnumálum vegna Alþingiskosninga 2016. Óheimilt er að nýta þennan vettvang í öðrum tilgangi.

Staðhæfingar sem settar eru fram sem staðreyndir skulu vera sannreynanlegar með einföldum og aðgengilegum hætti og skal framboð sýna fram á það verði þess krafist.

## 3. gr. Framleiðsla og ábyrgð efnis

Hvert framboð ber kostnað af því kynningarefni sem Ríkisútvarpinu verður látið í té, skv. 2. gr.

Framboð ábyrgist heimild sína til birtingar efnisins og að birting þess brjóti hvorki í bága við lög né réttindi annarra.

Ríkisútvarpið hafnar beiðni um birtingu kynningarefnis verði þess vart að það brjóti í bága við lög, reglur þessar eða réttindi annarra.

Rísi ágreiningur um ofangreint skal útvarpsstjóri, skera úr um það, enda ber Ríkisútvarpið ábyrgð á efninu sem sent verður út, eftir því sem lög bjóða.

## 4. gr. Afhending efnis

Kynningarefni viðkomandi framboðs skv. 2. gr. skal berast Ríkisútvarpinu eigi síðar en 10. október 2016.

### **5. gr. Tækniröfur efnis**

Innsendu efni er ætlað að fylgja skilyrðum Ríkisútvarpsins um tækniröfur. Kynningarefnið skal uppfylla tæknilegar skilareglur Ríkisútvarpsins vegna alþingiskosninga 2016 sem fylgir reglum þessum í viðauka.

Allar beiðnir um skil á kynningarefni sem uppfyllir ekki tækniröfur Ríkisútvarpsins verða að fá samþykki fyrirfram hjá yfirmanni tæknideildar.

### **6. gr. Misbrestur á útsendingu**

Falli birting efnis skv. 2. gr. niður, eða komi fram galli í útsendingu sem má rekja til mistaka eða tæknilegra örðugleika hjá Ríkisútvarpinu, skal það í samráði við viðkomandi framboð greiða úr slíku með aukabirtingu á hefðbundnum dagskráartíma við fyrsta tækifæri.

### **7. gr. Miðlun**

Kynningarefni skv. 2. gr. verður gert aðgengilegt á vef Ríkisútvarpsins, [www.ruv.is](http://www.ruv.is) frá 14. október 2016 og fram yfir kjördag alþingiskosninga 2016.

### **8. gr. Gildistími**

Reglur þessar taka gildi við birtingu og gilda fram yfir kjördag alþingiskosninga 2016.

*Ríkisútvarpið ohf. 26. ágúst 2016*